

# Myndavél, upptökuvél, hljóðnemi, skjár og hátalari í vasanum, og hvað svo?

Atli Stefán Yngvason  
Koala/Tæknivarpið

Ský 6.12.2023

# Eitt tæki en samt svo mörg


- Þessi ódauðlega ljósmynd var notuð fyrir umfjöllun CES árið 1984 af Bob Sirott fyrir sjónvarpsrásina CBS2
- Öll þessi tæki eru nú innbyggð í snjallsímann - nema flest sem elska tónlist myndu ekki sætta sig við hátalara á snjallsíma
- Það er eitt mikilvægt sem vantar á þessa mynd.



**Snjallsíminn hefur  
breytt miklu**






A close-up, vertical shot of the Samsung Galaxy S23 Ultra smartphone. The phone is dark-colored, possibly black or dark green, and is positioned vertically. The camera array on the back is prominent, featuring three large lenses in a vertical column on the left and two smaller lenses on the right, along with a flash. A dark S Pen is attached to the side of the phone. The background is dark and out of focus, with some green leaves visible behind the phone. The lighting is dramatic, highlighting the phone's edges and the camera lenses.

**Samsung Galaxy S23 Ultra tekur myndbönd í 8K gæðum, sem eru 33 milljón dílar og það er hægt að krita á hann með penna**

# Hágæða efni

- Hver sekúnda af Apple ProRES upptöku í hæstu gæðum eru 220 megabæti - mínúta af 4K eru 6 gígabæti!
- Samsung Galaxy S23 Ultra tekur ljósmyndir í 200 megadíla gæðum sem eru þjappaðar niður í 40 megabæti - sem er samt risastórt



En hvað  
eigum  
við að  
gera við  
allt  
petta  
efni?



# Miðla, geyma og varðveita



FILM ROLL  
KEY CHAIN  
30.-



DIGITAL  
PRINT  
20.-



# Ljósmyndarammar

- Leystu tæknivandamál sem þú vissir ekki af með meiri tækni
- Allt frá ódýrum ~10-15 tommu heimskum skjám og 75 tommu möttu Samsung the Frame sjónvarpi
  - Pixel Tablet
  - Google Nest Hub 2nd gen
  - Denver ljósmyndarammar hjá Elko
  - Samsung the Frame 2022







**Laura blowing out the candles**  
Peter Richardson February 10, 2019 3:13 PM





# Ljósmyndaraprentarar

- Eini prentarinn sem ég á er Fujifilm Instax mini myndavél með innbyggðum prentara
  - Líka til í Square og Wide stærðum
- Það er líka hægt að sleppa frekar slöppu myndavélinni kaupa bara prentarann
  - Líka til frá Canon, Polaroid og fleiri



# Lágtækni miðlun

Ég er líklega síðasti  
maðurinn til að mæla með  
því að stíga aftur í tímann og  
prenta eitthvað en hér erum  
við



# Öpp sem miðla

- Ljósmyndir eru næst heitasta efnið í dag - á eftir myndböndum
- Þú getur deilt ljósmyndum víða en það er oftast martröð fyrir persónuvernd og dregur úr gæðum:
  - Facebook
  - Instagram
- Það er mun betra fyrir gæði og persónuvernd að nota þessar lausnir:
  - iCloud Shared Albums
  - Google Shared Albums
- Svo er Flickr enn þá til 🙄



# Dreifðu myndböndum en haltu eintaki eftir fyrir þig

- Ljósmyndir eru fortíðin og það eina sem skiptir máli í dag eru myndbönd og fólk dælir þeim inn á Tiktok, Reels og Snap.
- Ef þú vilt eiga myndbönd til framtíðar - þá er ekki vitlaust að taka þau upp í bestu mögulegu gæðum og geyma þau annars staðar en í skýi hjá fyrirtæki sem gæti farið á hausinn á morgun eða ákveðið að minnka gæðin í 240p
- Fagrað: Taktu upp í 4K@60fps eða Apple ProRES ef þú átt plássíð í það





# Settu í skýin

- Snjalltæki með Android eða stýrikerfi frá Apple bjóða upp á innbyggða þjónustu til að geyma ljósmyndir og myndbönd í skýjunum
  - Apple Photos + iCloud
  - Google Photos
  - Dropbox
  - One Drive
- Þannig er hægt að nálgast efni á milli staða og tækja auðveldlega, eða færa af gamla símanum yfir á þann nýja
- Þetta eru ekki öryggisafrit þannig séð - þú þarft alltaf að tryggja þig til viðbótar

# Þitt eigið ský

- Treystir þú ekki Google Drive fyrir barnamyndunum? Smíðaðu þá þitt eigið ský með lausnum eins og Synology Drive og Photos ofan á Synology NAS-box
- Network Attached Storage eða netdiskahýsing tengir geymslupláss þitt við heimanet eða Alnetið.
- Sjá einnig ownCloud og NextCloud
- Virkar alveg einstaklega vel fyrir 10 gíg  
👉



# NAS „ský“

- NAS frá Synology DS932+ styður fjóra flóa, 10 gígabita/s netkort og er með M.2 raufar
- Ef þú setur 4x SSD + M.2 kubba fyrir flýtiminni þá getur þú klippt 4K myndband án þess að hökta yfir 10 gígabita nettengingu 😎
- Synology DSM býður líka upp á Google Workspace öryggisafritun og öryggismyndavélageymslu



# Varðveittu

- Það er alveg svakalega sniðugt að taka öryggisafrit af því sem þér er vænt um.
- Alls ekki verra og talsvert betra að gera það utan heimilis með Backblaze eða Crashplan.



**Backblaze**



CRASHPLAN

# Lærdómar

- Sýndu myndirnar þínar með myndarömmum, snjallsjónvörpum, útprentuðum ljósmyndum, ljósmyndabókum
- Taktu upp myndir og myndbönd í góðum gæðum
- Haltu eftir þínu eintaki af öllu sem skiptir máli og taktu afrit
- Íhugaðu þitt eigið ský til að öðlast sjálfstæði



A low-angle, upward-looking photograph of a tall, dark building with a grid-like facade. The building is positioned on the right side of the frame, extending towards the top. The sky is filled with soft, grey clouds, and the overall lighting is somewhat dim, suggesting an overcast day. The building's facade is composed of many small, dark rectangular panels arranged in a regular grid pattern.

**Spurningar?**